


Pekktu

réttindi þín

unicef 
fyrir öll börn

Handbók fyrir
kennara



Öll börn eiga réttindi. Með því að lesa heftið *Pekktu réttindi þín* og vinna verkefni sem þar er að finna, læra börn á aldrinum 10–12 ára um réttindi sín. Hvers vegna sérstök réttindi barna eru nauðsynleg og af hverju þau eru mikilvæg.



MENNTAMÁLASTOFNUN
40333

ISBN 978-9979-0-2594-8

Hvað er UNICEF?

UNICEF er Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. UNICEF er skammstöfun fyrir United Nations Children's Fund. Samtökin veita stjórnvöldum aðhald þegar kemur að því að tryggja að réttindi barna séu virt. UNICEF aðstoðar einnig við að koma á fót nýjum skólum og við áætlanir er varða næringu. Samtökin hjálpa börnum meðal annars með því að útvega hreint vatn, góðan mat og menntun.

UNICEF vinnur oft með öðrum samtökum til þess að tryggja að börn fái það sem þau eiga rétt á. UNICEF hjálpar börnum um allan heim, bæði í fátækum og ríkum löndum. Víða er ekki komið nógu vel fram við börn en virða þarf réttindi þeirra.

Réttindi barna

Réttindi barna byggja á þeim grundvallarþörfum sem börn hafa til þess að geta lifað og þroskast á heilbrigðan og öruggan hátt. Öll börn í heiminum eiga þessi réttindi. Réttindin eru útlístuð í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eiga við um öll börn undir átján ára aldri.

Aftur í tímann

Réttindi barna hafa ekki alltaf verið til. Árið 1924 var í fyrsta sinn skrifuð yfirlýsing um réttindi barna en hún var hluti af Genfaryfirlýsingu Þjóðabandalagsins. Ástæða þess að yfirlýsingin var skrifuð var bág staða barna í kjölfar fyrri heimstyrjaldarinnar. Í kjölfarið kom seinni heimstyrjöldin og ýtti hún undir bága stöðu barna. Börn létu lífið vegna hungursneyðar eða sprengjuárása. Sum voru jafnvel tekin af lífi í fangabúðum.

Árið 1946 var UNICEF stofnað sem Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, upprunalega til þess að styðja við börn sem voru fórnarlömb seinni heimstyrjaldarinnar. Árið 1984 kom út Mannréttindayfirlýsing

Sameinuðu þjóðanna. Ellefu árum síðar, árið 1959, var sérstök yfirlýsing um réttindi barnsins samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Vandamálið við yfirlýsingar er að ekki er hægt að sjá til þess að allar þjóðir framfylli þær. Vegna þessa kom fram sú hugmynd árið 1978 að útbúa lagalega bindandi sáttmála. Þessi sáttmáli varð þekktur sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og var hann samþykktur á Allsherjarþingi þeirra árið 1989.

Barnasáttmálinn

Barnasáttmálinn er listi yfir samkomulag sem næstum öll lönd heimsins hafa gert sín á milli. Í Barnasáttmálanum eru settar fram leiðbeiningar um það hvernig koma skuli fram við börn og hver réttindi þeirra eru. Sáttmálinn samanstendur af 54 greinum. Í fyrstu grein kemur fram að sáttmálinn gildi fyrir öll börn undir átján ára aldri. Þessari grein fylgir svo 41 grein. Þær lýsa réttindum barna. Í lokin eru greinar sem fjalla um innleiðingu og eftirlit. Árið 2019 fagnaði sáttmálinn 30 ára afmæli.

Hvað gerir UNICEF með réttindi barna?

Minnst er á UNICEF í Barnasáttmálanum sem þau samtök sem hjálpa löndum að fylgjast með og virða réttindi barna. UNICEF stendur vörð um réttindi barna.



Pekktu réttindi þín

unicaf

Þessa bók á:

Réttindi barna: Hvernig nýttast þau okkur?

→ Má mamma þín skoða símann þinn án þess að spyrja þig?

→ Mægi aðrir taka myndir af þér?

→ Hvers vegna hefur þú rétt á því að borða grænmeti?

→ Átt þú rétt á því að spila tölvuleik?

UNICEF ISLANDIA

Útdeilið vinnubókinni

Biðjið börnin að skoða forsíðuna. Hvað halda þau að þessi bók fjalli um?

Spyrjið börnin hvort þau viti hvað UNICEF er og hvað samtökin gera. Sjá bakgrunnsupplýsingar á bls. 2

Hver hefur heyrt um réttindi barna áður? Fyrir hverja eru þau? Fyrir hvaða börn?

Það er algengur misskilningur að réttindi barna eigi eingöngu við um börn í fátækum löndum en öll börn, alls staðar í heiminum eiga sín réttindi. Líka börnin í þessum bekk. Þau munu komast að því í þessari vinnubók.

Geta þau nefnt réttindi sem koma fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna?

Yfirlit yfir réttindin má finna í bæklingnum sem fylgir með verkefnaheftinu, veggspjöldum í flestum kennslustofum og á heimasíðunni www.barnasattmali.is. Forþekking barnanna á réttindum sínum könnuð.

Um hvað halda nemendur að réttindin snúist?

Mörg umfjöllunarefni eru möguleg, eins og næring, húsnæði, trúarbrögð, foreldrar, vinir, misnotkun, stríð, barnaþrælkun, flóttamenn (sjá nánar í bæklingnum um réttindi barna sem er meðfylgjandi).

Hvað eru réttindi barna?

Sam barn átt þú rétt á því að vaxa úr grasi og lífa heilbrigðu lífi. Hvað þarftu til þess að það geti orðið? Hóllur matur og góð umönnun eru tvö dæmi um það. En þarftu líka sjónvarp? Öð réttindi barna eru byggð á þeirra þörfum. Í þessari bók lærir þú um þau!

Æfing 1

Hvað gleður mig?

Auðveldi er gætt um að eiga gættanir nema og borða ta alla dagar eða fara til útlanda eins stinnur á af. Hvað hefur gleður þig? Skilríki þú hefur sem gleður þig í reitina hér fyrir neðan.

-
-
-

2

Blaðsíður 2 og 3 > Lesið textann.

Æfing 1

Í fyrstu æfingunni eiga börnin að skrifa niður hvað gerir þau glöð. Í annari æfingunni eiga þau að hugsa um þrjá hluti sem þau þurfa virkilega á að halda.

Æfing 2

Spurðu börnin hvort einhver vilji deila svarinu sínu með bekknum. Eru þau atríði sem voru skrifuð niður í æfingu 2 virkilega nauðsynleg? Hefur eitthvað verið nefnt sem gæti verið flokkað sem gott að hafa en ekki nauðsynlegt? Markmið þessara æfinga er að gefa börnum tækifæri til að átta sig á því að það sem börn þurfa nauðsynlega til að lifa og þroskast á heilbrigðan og öruggan hátt er ekki endilega það sama og það sem börn myndu vilja gera eða eiga.

Æfing 3

Börnin eru beðin um að klára þriðju æfinguna. Þau merkja við það sem þau telja sig virkilega þurfa.

Rétt svar:

Það sem þú þarft virkilega er ...

- Hús til að búa í
- Tími til þess að gera það sem þú vilt.
- Þínar eigin skoðanir (að geta deilt þeim frjálsglega).
- Þín eigin trúarbrögð (að geta valið sjálf/ur á hvað þú trúir).
- Nafn, svo stjórnmöld viti að þú ert til.
- Vernd gegn mismunun.
- Upplýsingar úr bókum, sjónvarpi og af internetinu.
- Einkalíf
- Ást og athygli frá foreldrum þínum.
- Íþróttir
- Föt
- Rúm

Æfing 2

Hvers þarfnast ég?

Þú þarft nauðsynlega á sumu að halda. Eins og að eiga möguleika á að geta heili skólum til að þú haffir möguleika á að þroskast og hafa frest á þessum ferðum. Þú þarft líka á höfum meir að halda, til að komast í gegn fyrir valkúddi. Hvað með þak yfir hlutabú? Getur þú talið hvað hluti hafi sem þú þarft nauðsynlega á að halda?

-
-
-

Æfing 3

Þetta er gott, en þetta er það sem ég þarft!

Súnt er gott að eiga ein smáa þarf maður til þess að þroskast og deila. Þekkir þú maður ein þú sem þú þarft og því sem þú þarft ekki? Merkja við það sem þú vilt hafa þarf.

Stöðgætt sem passa á móg

Stórt rúm

Nafni

Hú til þess að búa í

Tími til þess að gera það sem ég vilt

PlayStation 4

Heikkar utanlandsferðir á árt

Míni eigin skoðanir (að geta deilt þeim frjálsglega)

Míni eigin trúarbrögð (að geta valið hvað þú trúir á)

Sjónvarp

Nafn, svo stjórnmöld viti að ég sé til

Vernd gegn mismunun

Upplýsingar úr bókum, sjónvarpi og internetinu

Einkalíf

Ást og athygli frá foreldrum mínum

Íþróttir

Föt

Rúm

Góðan kemara

Hú með þeim ein

Eitinn heilbrigðum

Besta vin

3



Réttindi barna

Hvað þerft þú nauðsynlega til þess að þroskast og lifa heilbrigðu lífi? Þjóðir heimsins hafa lokað að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að börn fái það sem þau þurfa til að vaxa, þroskast og lifa heilbrigðu lífi. Þetta loforð köllum við samning. Samningur um réttindi barna. Þessi réttindi segja fullorðnum hvernig þeir eiga að koma fram við börn. Næstum því öll lönd í heiminum hafa samþykkt þennan samning og kallaast hann Barnasáttmálinn. Þessi réttindi barna eiga við um öll börn í heiminum undir ágin ára aldrar.

Æfing 4

Skobðu veggspjaldið eða bæklinginn sem sýnir öll réttindi barna. Benda réttindið saman við Stansþjónu or sölu 2. Hvaða réttindi eru á Stansum þjónum?

Three empty boxes for drawing or writing, each with a red circle containing the number 1.

Æfing 5

Hvers vegna þurfa börn sérstök réttindi?

Three horizontal lines for writing an answer.

Blaðsíða 4

Á blaðsíðunum hér á undan veltu börnin því fyrir sér hvað er gott að hafa/eiga og hvað þau þurfa nauðsynlega. Hengið upp veggspjaldið með Barnasáttmálanum og dreifið bæklingunum. Gefið börnunum nægan tíma til þess að fletta í gegn um bæklinginn. Hvað sjá þau?

Æfing 4

Í æfingu 4 eiga börnin að bera saman listann sem þau gerðu í æfingu 2 við réttindin í Barnasáttmálanum. Réttindin má finna bæði í bæklingnum og á veggspjaldinu. Ræðið svörin. Það gæti tekið börnin svolitinn tíma að átta sig á því hvaða grein á við það sem þau skrifuðu í æfingu 2. Gefið þeim nægan tíma til að átta sig.

Æfing 5

Í æfingu 5 eiga börnin að hugsa um af hverju mikilvægt er að það séu sérstök réttindi fyrir börn.

Svör:

- Börn eru manneskjur sem þarf að taka alvarlega. Það eina sem er öðruvísi en hjá fullorðnum er að þau eru á ákveðnu þroskaskeiði sem gerir þau oft háð því að hinir hinir fullorðnu annist þau. Það er vegna þessa sem þau þurfa sérstök réttindi. Réttindi barna eru lágmarkskröfur.
- Spyrjið börnin hvernig þau ímynduðu sér heiminn ef ekki væru sér réttindi fyrir börn.

Blaðsíða 5 > Lesið textann.

Eftir að hafa lesið textann, spyrjið börnin nokkurra spurninga til þess að kanna hvort þau hafi skilið hann.

- Hvað gerir UNICEF fyrir réttindi barna?
UNICEF stendur vörð um réttindi barna og hjálpar löndum að virða þessi réttindi.
- Hversu lengi hefur Barnasáttmálinn verið til?
Síðan 1989
- Hvaða stofnun tilheyrir UNICEF?
Sameinuðu þjóðunum
- Hverjir skrifuðu Barnasáttmálan?
Öll lönd tóku þátt í því í gegnum Sameinuðu þjóðirnar.

Blaðsíður 6 og 7

Æfing 6

Næstu æfingar hafa það að markmiði að börn átti sig á því að réttindi þeirra koma við sögu á hverjum degi. Lesið textann.

Börnin velja sex augnablik sem þau upplifa yfir daginn. Í vinnubókinni stendur að þau eigi að velja uppáhaldsdaginn sinn en það má vera hvaða dagur sem er. Skoðið dæmið saman.

Vita börnin hvaða réttindi eiga við um hvaða augnablik?

Æfing 6

Réttindi barna kunna að hjóla eins og þau eigi ekki við um þig. En vissir þú að þau eru alltaf í líning um okkur á hverjum degi? Teiknaðu mynd af uppáhalds vikudaginum þínum og skrifaðu niður þau réttindi sem eiga við. Fyllgu skrefunum hér að neðan.

Dagur fullur af réttindum

Teiknimynd: Skref fyrir skref

Veldu uppáhalds vikudaginn þinn.

Skilubú niður sex augnablik sem eiga sér stað yfir daginn á þessum lista.

Td: Eg vaknaði - Eg átti mítt safn - Eg fyllti vöðuna - Eg datt í pool - Eg fór í búið með Jón og Mía - Eg fór að sofa.







Skobðu mína bæklinginn með réttindum barna.

Reyndu að tengja að minnsta kosti fjögur augnablik við réttindi barna.

Eftir getu þú séð, veldu nýtt augnablik yfir daginn. Til dæmis getur þú séð, "Eg datt í pool" fyrir "Eg sendi Lina SMS".

Teiknaðu mynd af þessum sex augnablikum sem þú veldir!

Six empty boxes for drawing or writing, numbered 1 to 6.

 Hvaða réttindi tengist þessu augnabliki?	 Hvaða réttindi tengist þessu augnabliki?
 Hvaða réttindi tengist þessu augnabliki?	 Hvaða réttindi tengist þessu augnabliki?
 Hvaða réttindi tengist þessu augnabliki?	 Hvaða réttindi tengist þessu augnabliki?

7

Svör:

Augnablik 1:

Ég vaknaði – 27. grein: Börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska.

Augnablik 2:

Ég fékk mér sofa – 24. grein: Börn eiga rétt á að njóta besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja.

Augnablik 3:

Ég fór á fótboltaæfingu – 31. grein: Börn eiga rétt á tómstundum.

Augnablik 4:

Ég datt í polli – 24. grein: Börn eiga rétt á heilbrigðisþjónustu.

Augnablik 5:

Ég fór í búðir með Jóa og Míu – 15. grein: Börn eiga rétt á að mynda félög og koma saman með fríðsömum hætti.

Augnablik 6:

Ég fór að sofa – 31. grein: Börn eiga rétt á hvíld.

Börnin skrifa niður sex augnablik og bera þau svo saman við bæklinginn um réttindi barna. Þau reyna svo að tengja saman a.m.k. fjögur augnablik við ákveðin réttindi. Ef þeim finnst þetta erfitt geta þau valið nýtt augnablik.

Á blaðsíðu 7 teikna þau þessi augnablik og skrifa hvaða greinar Barnasáttmálans eiga við.

Blaðsíður 8 og 9

Öll börn njóta sömu réttinda. Öll réttindin eiga að vera jafn mikilvæg. Samt sem áður, getur börnunum þótt þau vera mismikilvæg á ákveðnum tímamökum. Þetta er skoðað í næstu æfingum.

Æfing 7

Í æfingu 7 eiga börnin að búa til lista yfir þau þrenn réttindi sem þeim þykja mikilvægust (mikilvægustu réttindin efst og svo koll af kolli). Þau skoða bæklinginn eða veggspjaldið til þess að taka þessa ákvörðun. Þau útskýra svo hvers vegna þeim finnst þessi réttindi svona mikilvæg. Ræðið svörin.

Í æfingunni hér á eftir skrifa þau niður hvaða réttindi þeim finnst minna mikilvæg eða ekki mikilvæg. Á blaðsíðu 9 hugsa þau um það fyrir hverja þessi minna mikilvæg réttindi gætu verið mjög mikilvæg og hvenær þau gætu verið mikilvæg fyrir þau sjálf.

Svör:

– Börnin koma með sín eigin svör.

– Fyrir síðustu spurninguna, er hægt að hugsa um 20. grein: Umönnun utan fjölskyldu. Ef þú býrð með foreldrum þínum gæti þessi grein reynst minna mikilvæg en ef af einhverjum ástæðum þau gætu ekki hugsað um þig lengur er huggun í því að vita að þú hefur rétt á umönnun á stað þar sem þú ert vernduð/verndaður. Eða það væri hægt að hugsa um 22. grein: Börn á flóttu. Ef þú býrð í landi þar sem það fríður ríkir gæti þessi grein verið neðarlega í huga. Ef til stríðs kæmi og þú þyrftir að flýja gæti það verið hughreystandi að vita að þú átt rétt á hjálp, vernd og umönnun í því landi sem þú flyrð til.

Berið saman svör barnanna. Eru einhver réttindi sem einhver börn hafa skrifað niður sem mikilvæg réttindi en önnur skráðu sem ekki mikilvæg?

Börnin skoða veggspjaldið eða bæklinginn aftur. Þau velja tiltekin réttindi sem þau vilja teikna, skrifa ljóð um eða búa til gripandi slagorð sem segir eitthvað um réttindin. Það væri gott ef þau myndu velja sér mismunandi réttindi svo engir tveir séu með það sama.

Mín réttindi, þín réttindi!

Öll börn eiga sömu réttindi. En ekki öllum börnum finnst sömu réttindi mikilvæg. Hvað finnst þér? Og hugsar þú um aðstæður annarra?

Æfing 7
Réttindi þín í fjötu bragði
Skilboðu veggspjaldið með Barnasáttmálansum þar er að finna hafi alla greina sáttmálans.

- Valdu þau þrenn réttindi sem þér þykja mikilvægust. Biðu til lista yfir þau þar sem þú málvægust er dætt.
- Útskýru hvers vegna þér þykir þessi réttindi svona mikilvæg.
- Skilboðu öðrum ein réttindi sem þér finnst ekki vera mikilvæg og útskýru hvers vegna þér finnst það.

Þekktu réttindi þín

Barnasáttmálið veggspjald

BARNASÁTTMÁLI SAMRINGSU & JÓHANNA

8

Æfing 8

Í æfingu 8 „Reglurnar um réttindin“ eru börnin beðin að svara þremur spurningum.

Svör:

- 1. Nei, þú ert ekki að brjóta á neinum réttindum. Þið hafið rétt á því að koma saman sem hópur. Hins vegar, ef þið komið saman sem hópur og eruð að hlæja og gera grín að hinum sem var ekki boðið, það er alls ekki fallet! 15. grein Barnasáttmálans segir að þið megið ekki skaða aðra ef þið komið saman sem hópur.
2. Þú ert að brjóta á réttindum þeirra. Öll börn hafa rétt til einkalífs (16. grein). Þú mátt ekki skoða síma einhvers eða dagbók eða fara inn í hús einhvers annars án leyfis.
3. Já, hann á rétt á því að tala sitt eigið tungumál og viðhalda menningu sinni (30. grein). Þó mátt hins vegar ekki koma öðruvísi fram við hann vegna þessa. Þú getur hins vegar beðið hann um að þýða fyrir þig hvað þau eru að segja.

Blaðsíður 10 og 11

Lestu textann í dæmi eitt um Emmu.

Börnin komast að því hvaða réttindi stangast á.

Svör:

Þau réttindi sem stangast á í þessu dæmi eru rétturinn til einkalífs (16. grein) og skylda foreldra til að veita börnum umönnun, leiðsögn, öryggi og vernd þannig að þau lifi og þroskist. (5., 18., 19. og 36. grein).

Í eftirfarandi æfingum munu börnin skrifa niður hverjum þau eru sammála og hvernig þeim finnst að Emma og mamma hennar ættu að leysa þetta mál án þess að brjóta á neinum réttindum.

Svör:

Þær gætu gert samning við hvor aðra, rætt vandamálið og fundið saman einhverja lausn sem þær eru báðar sáttar við. Til dæmis: Emma leyfir mömmu sinni að lesa skilaboðin einu sinni á dag en mamma hennar má ekki taka símann án þess að spyrja Emmu.

Ræðið svörin og lesið textann efst á blaðsíðu 10.

Æfing 9

Hafa einhver barnanna upplifað eitthvað þessu líkt?

Ef svo er, stönguðust einhver réttindi barnanna á við önnur réttindi þeirra?

Hvaða réttindi?

Ræðið svörin og lesið dæmi tvö sem fjallar um Jóhann.

Börnin ljúka æfingunum.

Svör:

– Réttindin sem stangast á í þessu dæmi eru rétturinn til þess að búa með og vera alin upp af foreldrum sínum (18. grein) og rétturinn til þess að fá góða umönnun (9. og 20. grein) Einnig má nefna réttinn til þess að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif (12. grein).

Worksheet page 9 with a blue background. It contains a title 'Æfing 8', a sub-header 'Reglurnar um réttindin', and three numbered questions in Icelandic. Each question is followed by a dotted line for writing. The bottom right corner has a small '9'.

Worksheet page 10 with a blue background. It features a large title 'Skellur! Hvað ef réttindi stangast á?' and a sub-header 'Emma (13):'. Below this is a text block about Emma's situation and a question 'Hvaða réttindi stangast hér á?'. The page number '10' is at the bottom.

**Þetta er
Fannar (14):**

Þú hefur verið á hól og hefur gætt um þetta hjóla hjólanum eftir okkur. Þegar ég er ekki í hólunni er ég í hólunni. Þú hefur verið á hólunni og hefur gætt um þetta hjóla hjólanum eftir okkur. Þegar ég er ekki í hólunni er ég í hólunni. Þú hefur verið á hólunni og hefur gætt um þetta hjóla hjólanum eftir okkur. Þegar ég er ekki í hólunni er ég í hólunni.

Jóhann (12):

Þú hefur verið á hólunni og hefur gætt um þetta hjóla hjólanum eftir okkur. Þegar ég er ekki í hólunni er ég í hólunni. Þú hefur verið á hólunni og hefur gætt um þetta hjóla hjólanum eftir okkur. Þegar ég er ekki í hólunni er ég í hólunni.

Ma veita Jóhann í hólunni þú veit hvernig þú þarst ekki?

**Þetta er
Fannar (14):**

Þú hefur verið á hólunni og hefur gætt um þetta hjóla hjólanum eftir okkur. Þegar ég er ekki í hólunni er ég í hólunni. Þú hefur verið á hólunni og hefur gætt um þetta hjóla hjólanum eftir okkur. Þegar ég er ekki í hólunni er ég í hólunni.

Ma veita Jóhann í hólunni þú veit hvernig þú þarst ekki?

- Já, þetta er mögulegt. Ef foreldrar geta hreinlega ekki hugsað nægilega vel um börnin sín? (sjá 9. grein). Í 3. grein stendur líka að það sem er barninu fyrir bestu skuli ávallt vera í fyrirrúmi þegar kemur að ákvörðunar-töku sem varðar barnið. Það er ekki alltaf samasem merki á milli þess sem við viljum og þess sem er okkur fyrir bestu.

Ræðið svörin og lesið dæmi 3 um Fannar. Börnin ljúka æfingunum.

Svar:

- Réttindin sem stangast á í þessu dæmi eru rétturinn til frítíma og tólmstunda (31. grein), rétturinn til þess að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif (14. grein) og rétturinn til góðrar menntunar (28. grein).
- Til dæmis, faðir Fannars gæti talað við hann og hlustað vel á hann til þess að átta sig á því hvort hann hafi raunverulega gaman að því að hjálpa í búðinni og hvort hann fái nægilegan tíma til þess að vinna heimavinnuna sína. Samkvæmt 18. og 28. grein, þarf pabbi Fannars einnig að passa að Fannar gangi í skóla. Þetta á einnig við um heimavinnu, jafnvel þó svo Fannar langi ekki að vinna hana.

Aukaæfingar:

Gefið börnunum staðhæfingu sem stangast á við eina grein Barnasáttmálans. Biðjið þau að verja staðhæfinguna með annari grein sáttmálans.

Til dæmis:

- Ef mér líkar ekki við einhvern í bekknum, má ég segja það. Ég hef rétt á því að láta skoðanir mínar í ljós.
- Við ættum að fagna jólunum og loka Ramadan (föstumánaðar) í skólanum af því að allir hafa rétt á því að velja sín eigin trúarbrögð.
- Ég þarf að læra að nota samfélagsmiðla sjálf/ur, það er ekki góð hugmynd að foreldrar mínir fylgist með öllu sem ég er að gera.
- Sem barn, má ég ákveða klukkan hvað ég fer að sofa.

- Ef eitt barn leggur annað barn í einelti, þarf að refsa öllum bekknum.

Barnið fær fyrst tíma (að hámarki eina mínútu) til þess að verja staðhæfinguna. Annað barn má svo segja hvers vegna það er ekki sammála staðhæfingunni eða setja fram önnur rök til þess að styðja staðhæfinguna.

Biðjið börnin að hugleiða hvað þeim finnst vera mikilvægt til þess að hægt sé að skapa góðar umræður og, sem kennari, sjáið til þess að reglunum sem þau ákveða sé fylgt eftir. Sem dæmi má nefna: Sjá til þess að börnin hlusti af virðingu á hvert annað, ekki trufla hvert annað, tala skýrt, horfa á þann sem er að tala o.s.frv.

Blaðsíður 12 og 13 > Lesið textann.

Æfing 10

Í æfingu tíu „réttindin heima“ eiga börnin að hugsa um hvaða réttindi þau myndu vilja kynna inn á heimilið ef þau mættu ráða. Fyrst finna þau fimm réttindi fyrir heimilið og svo fimm fyrir skólann.

Svör:

- Eigin svör
- Fyrir heimilið, til dæmis: Réttindi til að borða það sem þú vilt. Réttindi til að vera í tölvuleikjum eða horfa á sjónvarpið allan daginn. Réttindi til þess að hitta vini á hverjum degi. Réttindi til að segja það sem þú vilt við foreldra þína. Réttindi til að ákveða sjálf/ur hvenær þú tekur til o.s.frv. Fyrir skólann, til dæmis: Réttindi til að læra bara það sem þú hefur gaman af. Réttindi til að vera í heimaskóla. Réttindi til að vera á öðrum tímum í skólanum. Réttindi til að velja eigin kennara. Réttindi til að hafa rúm í skólastofunni. Réttindi til að vera í símanum í tíma o.s.frv.

Í þessari æfingu velja börnin réttindi sem þau myndu vilja hafa í skólanum og svara spurningunum. Ræðið svörin.

Blaðsíður 14 og 15

Æfing 11

Á þessum blaðsíðum kanna börnin þekkinguna sem þau hafa aflað sér á fyrri blaðsíðum. Þau svara spurningunum. Athugið að sumstaðar eru fleiri en eitt rétt svar.

Svör:

1. A og D
2. B, C og E
3. A, B, C, D og E
4. A og C
5. B
6. C
7. A, B og C

Ræðið svörin. Ef börnin eru með færri en fimm svör rétt, geta þau haldið áfram að æfa sig með vinnubókinni. Fleiri en fimm svör rétt gera börnin að sérfræðingum um réttindi barna.

Blaðsíða 16

Æfing 12

Á þessari mynd er hægt er að finna ellefu atriði er varða réttindi barna.

Vita þau hvaða réttindi það eru? Börnin geta notað bæklinginn eða veggspjaldið með réttindum barna sér til aðstoðar.

Svör:

- Jafnræði (2. grein)
- Ábyrgð foreldra (5. grein)
- Réttur til nafns og ríkisfangs (7. grein)
- Aðskilnaður frá foreldrum (9. grein)
- Tjáningarfrelsi (13. grein)
- Skoðana- og trúfrelsi (14. grein)
- Friðhelgi fjölskyldu og einkalífs (16. grein)
- Aðgangur að upplýsingum (17. grein)
- Heilsuvernd barna (24. grein)
- Lífsskilyrði (27. grein)
- Menntun (28. grein)
- Hvíld og tómstundir (31. grein)

Lesið textann „hvað ef réttindi barna eru ekki virt?“ Því miður eru börn í öllum löndum sem njóta ekki allra réttinda sinna. Til dæmis gætu þau verið vanrækt, beitt ofbeldi, misnotuð eða lögð í einelti. Ef þetta á við um þig eða önnur börn sem þú þekkir getur þú:

- Hringt í neyðarnúmerið 112 ef þú ert í hættu
- Ræddu það við einhvern sem þú treystir eins og til dæmis foreldra, kennara eða fristundaleiðbeinendur
- Hringdu eða sendu skilaboð á hjálparsíma Rauða krossins: 1717
- Hringdu eða sendu skilaboð á umboðsmann barna: 800-5999

Pekktu réttindi þín hlaut stuðning frá Barnaverndarsjóði.

UNICEF Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Saminuðu þjóðirnar. Eftir að hafa lokið við verkefnið hér að framan ættir þú að kannast við þessi hugtök af því þú veist hvað þau þýða. Ekki satt? Kannðu hvað þú veist um réttindi barna með þessu skyndiprófi.

14

Æfing 11

Hvað eru réttindi barna?

Hver eftirlitanna réttinda eru raunveruleg?

Hverjir verða að fylgja Barnasáttmálanum?

Þú ert rétt til að léta skoðanir þínar í ljós og hafa áhrif. Hvað þýðir það?

Hvað er átt?

Hvaða lönd hafa samþykkt Barnasáttmálanum?

Hvað getir UNICEF?

15

Æfing 12 Sér þú einhver réttindi barna á myndinni?

Hvað ef réttindi barna eru ekki virt?

Lengur þig að læra meira um Barnasáttmálanum? Skoðuðu heimasíðuna vinnubókanna.

Pekktu réttindi þín hlaut stuðning frá Barnaverndarsjóði.

unicef fyrir all börn